

Nd.

662. Nefndarálit

[227. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Loks er hún komin, tollskráin nýja, í frumvarpsformi. Hún var lögð fyrir Alþingi 27. marz. Sagt er, að hún hafi áður verið til skoðunar hjá kaupsýslumönnum og iðnrekendum, til þess að þeir gætu kynnt sér málið og komið athugasemdum á framfæri. En alþingismönnum er ætlaður allt of skammur tími til að íhuga þetta stóra mál.

Tollskráin er búin að vera rúmlega 3 ár í smíðum. Það var 8. desember 1959, sem fjármálaráðherra skrifaði fjórum embættismönnum og fól þeim að endurskoða tollalöggjöfina. Það er vel skiljanlegt, að þetta tæki langan tíma. Tollskráin er mikill smíðisgripur. Smíðirnir hafa unnið mikið verk, og þeir hafa gengið vel frá gripnum að formi til. Mörgu er breytt til samræmingar, en skoðanir að sjálfsgöðu skiptar um mörg efnisatriði. Tollskránni fylgja tvær skýrslur. Önnur er samanturðartafla, þar sem sýndur er tollur samkv. tillögum í frumvarpinu og núgildandi tollar á öllum þeim vöruheitum, sem fyrir koma í skránni, en þau eru yfir 1900 að tölu. Hin er stafrófsskrá yfir vöruheiti í tollskránni.

Í nýju tollskránni eru felldir saman í eitt vörumagnstollur, verðtollur, innflutningssöluskattur og innflutningsgjald. Til þess er ætlazt, að þessi gjöld verði sameinuð í einum verðtulli. Um mörg ár hafa verið álagðir bæði vörumagnstollur og verðtollur. Þeir eru ólíkir að því leyti, að annar, vörumagnstollurinn, stendur í stað, þó að vöruverðið breytist, en hinn, verðtollurinn, breytist sjálfkrafa með vöruverðinu. Til þess að skýra þetta nánar má benda á, að samkvæmt ríkisreikningnum fyrir árin 1958—1962 hefur vörumagnstollurinn verið svo að segja hinn sami öll árin, 32—36 millj. á ári, en á því tímabili hafa verðtollarnir (verðtollur, söluskattur og innflutningsgjald) hækkað um 203%. Hér er ekki með talinn hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskatti.

Eftir að húið er að sameina öll aðflutningsgjöldin í einn verðtoll, hækka þau í krónutölu, um leið og vöruverðið hækkar, t. d. vegna lækkunar á íslenzku krónunni, og í sömu hlutföllum. Þetta má teljast hagkvæmt fyrir ríkissjóðinn.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir, að þeirri reglu hafi verið fylgt við endurskoðun tollskrárinnar, samkvæmt ákvörðun ráðherra, að ekki skyldi ákveða hærri verðtoll en 125% á neinni vöru. Tollur lækkar því á allmörgum vörutegundum, sem áður báru hærri toll en 125%. Skulu hér nefndar slíkar vörur:

Hamir og aðrir hlutar af fuglum. Afskorin blóm og blómknappar. Pipar o. fl. kryddvörur. Súkkulaði. Lakkrís, Brjóstsykur. Tyggigúmmi. Karamellur. Búðingsduft. Bökunarduft og bökunardropar. Ilmvötn. Hárliðunarvökvar og hárliðunarduft. Flugeldar (aðrir en til slysavarna). Skrauteldar. Myndarammar. Vindlingapappír. Pappírsserviettur. Lampaskermar. Silkiflauei. Regnhlífur. Sóhlífur. Blæ-

vængir. Göngustafir og keyri. Rakhnífar og rakvélar. Rakkrem. Rafknúin hársnyrti-tæki. Reiðhjól. Barnavagnar. Úr (önnur en vasaúr). Klukkur. Fjaðrasópar. Spil. Skiði og skautar. Pennar. Blýantar. Blek. Stimplar. Ritvéla- og reiknivélabönd. Greiður og hárkambar. Hringliða alkóhól. Sprittblöndur. Rokgjarnar oliur og terpen-tínrikar aukaafurðir af þeim. Konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti. Brauð og skon-rok. Kökur og kex. Eldspýtur. Gólfmottur. Hemlavökvi. Frostlögur. Plastpokar. Leðurtöskur. Leðurbelti. Annar leðurfatnaður. Póstkort. Jólakort. Málgarn og vefn-aður úr málgarni. Lífstykki, axlabönd o. þ. h. Peningaskápar. Skilti. Sápur, ýmsar tegundir. Kerti. Kemisk efni til ljósmyndagerðar. Hreinlætistöki úr plasti. Búsáhöld úr plasti. Hringekjur og rólur. Ferðasirkus og ferðadýrasöfn. Munnhörpur. Grammó-fónar og plötuspilarar. Slaghljóðfæri. Lírúkasar. Spiladósir. Tálflautur. Mekanískir söngfuglar.

Naumast verður sagt, að nokkur tollalækkun á framantöldum varningi geri al-menningi lífsbaráttuna auðveldari en hún áður var.

Þá er gert ráð fyrir, að tollur lækki á allmörgum öðrum vörum, sem áður voru í lægri tollflokki. Af þeim vörum skulu þessar nefndar:

Lifandi dýr, svo sem hestar, asnar o. fl. Fuglaegg og eggjarauður. Fiskur, til-reiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn. Hurðir og gluggar. Tilhöggin hús. Korkparkett. Bókbandspappi. Umbúðapappír. Pappirspokar. Veggpappi og gólf-pappi. Handgerður pappír og pappi. Áprentaður pappír og pappi. Pappakassar og óskjur. Ferðaábreiður. Tjöld. Sængurlín. Borðlín. Handklæði o. fl. Vir til naglafram-leiðslu. Niðursuðúdsir. Snjókeðjur. Boltar og rær. Ýmsar vörur úr kopar. Lásar og skrár. Bókhaldsvélar. Kvikmynda- og skuggamyndavélar. Loftþyngdarmælur. Píanó og orgel. Sverð, skammbýssur og stórskotaliðsvopn. Smjörlíki. Málmgrýti, gjall og aska. Gas til eldsneytis og lýsingar. Bæs. Smjör- og ostalitir. Öl- og gos-drykkjalitir. Gólfplötur. Umbúðakassar úr plasti. Garn úr silki. Handofin og hand-útsaumur veggteppi. Stólar og önnur húsgögn. Skjaldbökuskel. Perlur og eðalsteinar. Perlumóðir og filabein.

Í nýju tollskránni eru líka tillögur um hækkun á tolli á allmörgum vörum. Af þeim skulu þessar nefndar:

Efni til bólstrunar og burstagerðar. Tómatar. Límonaði og gosdrykkir. Maltöl og drúfusafi. Sement. Sútunarefni. Garðyrkjuverkfæri. Vatnsslöngur og aðrar slöngur. Flöskur, krukur, dósir o. fl. Gúmmi til skósólagerðar. Umbúðakassar úr trjáviði. Mottur til umbúða. Skrifpappír og fjölritunarpappír. Handklæðafrottéefni. Bókbands-léft. Nærfatnaður úr ull. Bönd úr jární eða stáli. Geymar úr jární eða stáli. Vír-kaðlar. Steypustyrktar- og múrhúðunarnet. Galvanhúðaður saumur. Hnífar í land-búnaðarvélar. Kaffikvarnir, hakkavélar o. fl. Benzínhreyflar og dísilhreyflar, minni en 200 hestöfl, og hlutar til þeirra. Loftfarartæki og fallhlífar.

Upptalningin hér að framan er langt frá því að vera tæmandi. Einkum er sleppt að nefna margar vörur, sem tollur ýmist lækkar eða hækkar á, þegar breytingarnar eru mjög litlar.

Þá skulu nefndar hér tollalækkanir á nokkrum vélum og tækjum til landbún-aðar og sjávarútvegs:

Dráttarvélar hafa tvöfaldast í verði síðan 1958. Því valda gengislækkanirnar 1960 og 1961, þar með fylgjandi tollhækkun og hækkun á söluskatti. Á síðustu þingum hafa framsóknarmenn flutt frumvörp um afnám tolla á dráttarvélunum og fleiri nauðsynlegum tækjum til búskapar. Þau frumvörp hafa ekki fengizt sam-þykkt á Alþingi. En árangurinn af flutningi þeirra er nú að koma í ljós. Ríkis-stjórnin telur sér ekki lengur fært að standa að öllu leyti gegn sanngjörnum óskum um lagfæringu í þessu efni. Í frv. er lagt til, að aðflutningsgjöld á dráttar-vélum lækki úr 34 í 10%. Enn fremur að tollar af heyrinnu vélum, plógum, herf-um, áburðardreifurum, upptökuvélum og mjaltavélum lækki úr 19—21% í 10%. Þá er og lagt til, að tollur verði lækkaður á ýmsum tækjum til sjávarútvegsins, svo sem ratsjám, bergmálsdýptarmælum, lóðarbelgjum, fiskkörfum og fiskkössum, skips-

skrúfum, akkerum og drekum, úr 15—21% í 4%, og af botnvörpuhlerum og hobb-
ingum úr 28 í 2%.

Hér er um töluverðar tilslakanir að ræða, en þó er af skammt gengið í þá áttina. Dráttarvélar til notkunar við landbúnaðarstörf eiga að vera tollfrjálsar eins og skipin. Dráttarvél er bóndanum jafnnaðsynleg og skipið útgerðarmanninum. Ég mun því flytja tillögu um, að dráttarvélar og nokkur fleiri nauðsynleg tæki til landbúnaðar verði tollfrjáls. Þó að sú tillaga verði samþykkt, þarf bóndinn nú að láta fleiri kg af dillkakjöti og fleiri lítra af mjólk til kaupa á dráttarvél heldur en hann þurfti árið 1958.

Ég mun einnig flytja tillögu um að fella niður tolla af ratsjám, bergmálsdýptarmælum, asdictækjum o. fl. til skipa, svo og af fiskiönglum, færum, öngultaumum, köðlum og fiskinetum til útgerðar.

Það er eftirtektarvert, að samkv. frv. eru yfirleitt hærri tollar af rekstrarvörum og tækjum til landbúnaðar heldur en til sjávarútvegs. Nokkrar rekstrarvörur til þessara atvinnuvega eru að vísu tollfrjálsar, svo sem efni í garn og garn til veiðarfæragerðar, efni í umbúðir og tilbúnaðar umbúðir utan um útfluttar sjávarafurðir, fódurvörur, tilbúinn áburður og grasfræ. En annars er algengast að lagður sé 10, 15 eða 20% tollur á sérstakar rekstrarvörur landbúnaðarins, en 4% á ýmsar rekstrarvörur og tæki til sjávarútvegsins. Verður að teljast óeðlilegt að gera þannig upp á milli þessara atvinnugreina, og verður reynt að fá leiðréttingar á því, aðallega með því að fá fleiri brýnustu nauðsynjar til þeirra beggja gerðar tollfrjálsar, en að öðrum kosti með lækkun á vörum til landbúnaðar til samræmingar.

Tollar af byggingarefni mega teljast óbreyttir samkvæmt frumvarpinu.

Ein af mörgum óheillavænlegum afleiðingum af efnahagsráðstöfunum þeirra manna, er nú stjórna landinu, er gífurleg hækkun á kostnaði við byggingar. Hámark lána frá húsnæðismálastjórn er nú 150 þús. kr. á hverja íbúð. Láta mun nærri, að öll sú lánsupphæð fari til að borga þá verðhækkun, sem orðið hefur á íbúð af meðalstærð á valdaskeiði núverandi ríkisstjórnar. Í því skyni að létta þær þungu byrðar, sem með þessu hafa verið lagðar á ungt fólk og aðra, sem þurfa að byggja íbúðarhús, hafa framsóknarmenn á Alþingi flutt tillögu um lækkun útlánsvaxta og auknar lánveitingar til íbúðarhúsabygginga. Stjórnarflokkarnir hafa beitt meiri hluta sínum til að fella þessar tillögu. Hér verður því gerð ný tilraun til að létta nokkrum gjöldum af þeim, sem byggja íbúðarhús, hvar sem er á landinu. Ég flyt tillögu um heimild til að endurgreiða hluta af aðflutningsgjaldi af byggingarefni í íbúðarhús, eftir stærð íbúðanna. Endurgreiðslan verði 110 kr. á hvern rúmmetra íbúðar, en nái þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra.

Verði mín tillaga samþykkt, getur t. d. sá, sem byggir 320 rúmmetra íbúð, fengið endurgreiðdan toll að upphæð kr. 35200.00. Áætlað er, að endurgreiðslan sé um það bil $\frac{1}{2}$ af tollinum.

Í 3. gr. frv. er m. a. heimild til endurgreiðslu á tolli af hreyflum, minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. — Ég tel rétt, að veitt sé heimild til að endurgreiða allan tollinn af hreyflum til þessara nota, og flyt breytingartillögu um það.

Í athugasemdum með frumvarpinu er birt áætlun um, hver áhrif samþykkt þess muni hafa á heildartekjur ríkisins af aðflutningsgjöldum. Er talið, að þau lækki um 97 millj. kr. á ári, eða 8.3%. En við þetta er það að athuga, að í þeim útreikningum er búið að innlima viðbótarsöluskattinn í verðtollinn. Sá viðbótarsöluskattur, sem síðastliðið ár nam 246.2 millj. kr., var fyrst á lagður „til bráðabirgða“ árið 1960 og hefur verið framlengdur árlega síðan. Er nú endanlega frá því horfið að telja hann bráðabirgðaskatt.

Rúmlega helmingur af tollalækkunarupphæðinni, sem um getur í athugasemdunum með frv., er hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af viðbótarsöluskattinum. Samkvæmt frumvarpinu á jöfnunarsjóðurinn að fá þessar tekjur árið 1963, en ekki eftir

að það ár er liðið. Eftir að frumvarpið var komið til umræðu á Alþingi, lýsti þó fjármálaráðherra því yfir, að hann teldi, að jöfnunarsjóður sveitarfélaganna þyrfti að fá þetta bætt á einhvern hátt. Ég tel réttast, að það verði tryggt, um leið og nýja tollskrárfrumvarpið verður samþykkt, og flyt því breytingartillögu um, að jöfnunarsjóðurinn fái árlega framvegis 5% af innheimtum aðflutningsgjöldum. Þau 5% munu nema svipaðri upphæð og hluti jöfnunarsjóðs af viðbótarsöluskattinum áður.

Til viðbótar þeim breytingartillögum, sem um getur hér að framan, flyt ég tillögur um lækkun tolls á ýmsum tækjum og vélum til heimilisnotkunar, svo sem kælitækjum, þrjónavélum, strokvélum, ryksugum, hrærivélum o. fl.

Breytingartillögur mínar eru að mestu samhljóða þeim tillögum, sem fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd efri deildar, Karl Kristjánsson, bar fram við 2. umr. frv. í þeirri deild.

Eins og frá er skýrt hér að framan, hafa verðtollur og önnur aðflutningsgjöld sem miðuð eru við vöruverð, hækkað um 203%, síðan núverandi stjórnarflokkar tóku að sér stjórn landsins. Þegar þetta er haft í huga, sést greinilega, hvað tollalækkunin, sem frumvarpið um tollskrá felur í sér, er óskaplega lítil. Hún er svo lítil, að reizla framfærsluvisitölunnar tekur hana ekki. Og þessi þínulitla tollalækkun mun standa aðeins skamma stund, ef áfram verður fylgt stefnu núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem ég flyt tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Skúli Guðmundsson.